

**Nd.**

## **274. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Firmanu Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f í Reykjavík veitist einkaleyfi um næstu 10 ár, til ársloka 1943, til þess að framleiða öl til útflutnings og sölu erlendis, án tillits til þess, þó það öl sé áfengara en núgildandi áfengislöggjöf heimilar að framleitt sé til sölu innanlands (2¼%).

### **2. gr.**

Ölframleiðsla sú, er heimiluð er samkv. 1. gr., skal háð eftirliti af hendi ríkisstjórnarinnar, þannig að full trygging sé fyrir því, að eigi séu brotin ákvæði þessara laga, né ákvæði gildandi áfengislöggjafar, eins og hún er eða verður á hverjum tíma, um tilbúning og sölu öls til neyzlu innanlands, enda setji ríkisstjórnin með reglugerð nánari fyrirmæli um það, hversu eftirlitinu skuli hagað, og má í slíkri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, svo og, að svipta megí leyfishafa einkaleyfinu, gerist hann brotlegur og miklar sakir eru.

### **3. gr.**

Fyrir einkaleyfið greiðir leyfishafi 25% af hreinum nettótekjum hvers árs af framleiðslu þessari, samkvæmt reikningsskilum, er ríkisstjórnin hefir eftirlit með að rétt séu. Árgjald þetta fellur í gjalddaga eftir á, þegar reikningsskilum hvers árs er lokið.

### **4. gr.**

Af öli því, framleiddu til útflutnings, er um ræðir í lögum þessum, greiðist ekkert framleiðslugjald né útflutningsgjald.

### **5. gr.**

Ákvæði gildandi áfengislaga, er koma í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

### **6. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða allt að 5000 kr. sekt. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.